

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 9 2018.

Staður: Hvanneyri

Tími: Föstudagur 10. ágúst 2018 kl. 13

Mætt: Guðrún Eik Skúladóttir, Jóhannes Kristjánsson, Sæmundur Sveinsson og Bjarni Diðrik Sigurðsson á Hvanneyri, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Sunna Þórarinsdóttir og Halldór Þorgeirsson í fjarfundi. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð 8. fundar háskólaráðs 2018 var samþykkt.

2. Hlutverk, skyldur og starfsemi háskólaráðs

Sæmundur fór yfir hlutverk, skyldur og starfsemi háskólaráðs, annars vegar það sem kemur fram í lögum um opinbera háskóla og hins vegar það sem kemur fram í starfsreglum Lbhí.

3. Staða á ráðningu nýs rektors

Rektor fór yfir stöðuna í ráðningu nýs rektors en ráðning hans er verkefni háskólaráðs. Hann rakti einnig hverjir sóttu um stöðuna, hvaða fulltrúar skipa valnefnd og hvernig næstu skref verða í ráðningarferlinu. Ákveðið hefur verið að fulltrúi frá Capacent verði með í ferlinu hjá valnefnd. Valnefnd gerir ráð fyrir að senda skýrslu til háskólaráðs kringum mánaðamótin ágúst-september. Háskólaráð fer yfir skýrslu valnefndar og gerir tillögu um væntanlegan rektor til ráðherra, í samræmi við lög um opinbera háskóla. Núverandi rektor er settur út september en hann er opinn fyrir því að sitja áfram þar til búið er að ganga frá ráðningu nýs rektors.

Háskólaráð fer fram á það við valnefnd að hún skili ítarlegri skýrslu til ráðsins og að það fái aðgang að umsóknunum, verklegi Capacent og svo niðurstöðum nefndarinnar. Rektor falið að ræða við formann valnefndar og fara yfir vangaveltur ráðsins vegna ráðningarinnar. Jafnframt er lagt til að háskólaráð kalli til viðtals þá aðila sem valnefndin mælir með, áður en ráðið skilar tillögu sinni til ráðherra. Ákvörðun um það verður tekin þegar niðurstaða valnefndar liggur fyrir.

Ritara háskólaráðs falið að senda erindi til menntamálaráðherra fyrir hönd ráðsins þar sem háskólaráð Lbhí fer fram á það við ráðherra að setningartími núverandi rektors verði framlengdur þar til nýr rektor kemur til starfa.

4. Önnur mál

- a. Ákveðið var að viðhafa það verklag að fundargerðir verði samþykktar í tölvupósti og lokaútgáfa send á alla ráðsmenn.
- b. Rætt var um stöðuna á stefnumótun skólans og hlutverk háskólaráðs í þeirri vinnu. Samþykkt var að á næsta fundi yrði farið ítarlega yfir þá stefnumótunavinnu sem unnin hefur verið og gefa háskólaráði færi á að setja sig vel inn í málin. Rektor mun ræða við Guðfinnu Bjarnadóttur, sem hefur leitt stefnumótunavinnuna og biðja hana að fara yfir málin á fundi ráðsins.
- c. Fleiri stórmál bíða afgreiðslu, svo sem staðan á Hestbúinu og ráðning deildarforseta háskóladeildar, en síðara málið er mjög tengt ráðningu rektors.

- d. Rætt var um starfssvið háskólaráðs og vísað meðal annars í starfsreglur háskólaráðs HÍ og hvort ekki væri ákjósanlegt að háskólaráð setji sér sambærilegar reglur. Samþykkt var að ráðið fari í að setja sér starfsreglur og vinni þær áfram, þótt endanleg niðurstaða komi ekki fyrir en með nýjum formanni ráðsins. Bjarni tekur að sér að senda starfsreglur HÍ ásamt breytingatillögum á fulltrúa ráðsins.
- e. Háskólaráð kys sér varaformann og verður það gert á næsta fundi. Æskilegt er að varaformaður komi ekki úr hópi fastra starfsmanna skólans.
- f. Rektor mun koma með kynningu á rekstri og fjárhagsstöðu skólans á næsta fundi.
- g. Stefnt er að því að koma upp OneDrive möppu fyrir gögn háskólaráðsins.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 30. ágúst kl. 13 á Hvanneyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:08